

# FUNDARGERÐ

## 150. stjórnarfundur KRAFT

150. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 30. janúar 2023, kl. 18.30 á Zoom.

Fundarmenn : Gry, Hinrik, Auðunn, Lára, Þórunn, Aron Ingi og Laufey  
Fjarverandi : Rúnar  
Gestir fundar: Gaston Parage, forseti Alþjóða kraftlyftingasambandsins (IPF)  
Sigurjón Pétursson varaforseti IPF  
Fundarritari : Laufey

### 1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

### 2. IPF

Gestir fundarins voru Gaston Parage forseti IPF og Sigurjón Pétursson varaforseti IPF. Gaston er á landinu vegna RIG en hann var aðaldómari á mótinu.

- IPF fundaði með ÍSÍ. Á fundinum kom fram vilji IPF að aðildarfélög IPF komi sterkar til leiks í FISU World University Games (FISU stendur fyrir „Fédération Internationale du Sport Universitaire“ eða „the International University Sports Federation“). Gaston ítrekaði ósk IPF að háskólar hérlendis verði félagar í FISU. ÍSÍ tók vel í það. Háskólarnir tilnefna síðan sína íþróttamenn á leikana en skilyrðið er að þeir séu félagar í KRAFT.
- IPF fundaði með ÍF. Mikil ánægja með samstarfið sem hefur verið hingað til. IPF hvetur KRAFT til að skrá ÍF sem aðildarfélag. Auka samstarf með þjálfun, æfingum og keppnum. ÍF átti sína fulltrúa á HM í kraftlyftingum í Danmörku og þjálfarinn þeirra er á þjálfaranámskeiði KRAFT sem er í gangi.
- IPF heimsótti nýja aðstöðu Stjórnunnar í Garðabæ.
- Gaston telur að Ísland geti haldið HM innan nokkurra ára, t.d. 2026. IPF styrkir mótahaldið á ýmsan hátt (keppnisrekkar, verðlaun, keppnisbolir osfrv.). Hægt er að fá tékkneska stangarmannahópinn til að vinna á keppninni. Þetta krefst samvinnu með ríkinu (ráðuneyti og stofnunum) og sveitarfélögum. Gry þakkaði traustið en stjórn KRAFT mun skoða máli.
- Á næsta HM í klassík á Möltu verður ársþing IPF. Núverandi yfirstjórn IPF mun bjóða sig fram til áframhaldandi starfa. Sigurjón býður sig áfram fram til stjórnarsetu. Stjórn KRAFT styður hann í því. Sigurjón nefndi að Ísland á möguleiki á að eiga fulltrúa í nefndum IPF.
- IPF er nú aðili að IMGAs (International Masters Games Association). IPF mun eiga sína fulltrúa á leikunum 2025 sem verða haldnir á Tawain (<https://imga.ch/>). Öldungar í stjórn KRAFT fögnuðu þessum fréttum.
- World Games munu verða bæði búnaðarkraftlyftingar og klassískar kraftlyftingar. IWGA er að vinna í breytingunum.
- Almenn vantar alþjóðadómara. Gaston ítrekaði að hvetja þarf dómara til að dæma í fleiri alþjóðakeppnum. Því miður er margir alþjóðadómara sem aðeins dæma í heimalandinu. IPF notar sektirnar sem eru innheimtar ef það vantar dómara (sem hluti af landsliðum) til að greiða fyrir aðra dómara sem búa nálægt keppnisstað.
- Rætt var um Vestur-Evrópukeppnina og nokkur praktísk atriði tengd henni.
- Gry þakkaði gestum fyrir vinnu þeirra á RIG og að hafa gefið sér tíma til að ræða málin á stjórnarfundinum. Gestir „yfirgáfu“ fundinn á Zoom.

### 3. BEKKPRESSUREGLUR

Forseti IPF heimsótti Miðgarð fyrr um daginn. Tölvupóstur hafði áður verið sendur á dómara og þjálfara um heimsókn hans og að þar gæfust þeim tækifæri til að spyrja Gaston spjörum um nýju bekkpressureglurnar. Veður var slæmt þennan dag en sex sáu sér fært að mæta á staðinn. Það eru nokkur atriði sem ítreka þarf við dómara (ritari KRAFT kemur upplýsingum áfram á dómarahópinn á fésbókinni) :

Á fésbókarsíðu IPF er að finna stutt myndband þar sem farið er yfir breytingar á reglunum (ritari KRAFT kemur myndbandinu á instagram og fésbókarsíður KRAFT). Reyndar er módelið á myndbandinu ekki í stuttermabol eins og myndi auðvitað vera í keppni. Breytingunni er ætlað að setja kröfur á keppendur að pressa stöngina upp á við „push the bar“. Gaston ítrekaði að dómara eiga að gæta þess að þeir láti keppenda njóta vafans. Hliðardómara skulu nú vera staðsettir framan við keppendur, framan við hné / til fóta.

### 4. ASJ

Stjórn KRAFT fagnar styrki ASJ. Klára þarf samning við ASJ sem fyrst sem og uppfæra fjárhagsáætlun sem senda þarf sem fyrst. Ákveða þarf styrkina með hliðsjón af styrki ASJ en sundurliðun ASJ er ekki enn komin. Styrkir frá þeim eru eyrnamerkir. Stjórn KRAFT tekur fyrir þegar sundurliðun er komin.

### 5. KRAFTLYFTINGAÞING

Seinna þingboðið fer út 11. febrúar. Þarf að útbúa kjörbréfin. Gry fer til ÍSÍ og fær aðstoð um félagatal í Felix fyrir þingið. Fara yfir með laganevnd ÍSÍ um lögmæti þingsins og ákvarðanir á því ef félagatalið er ekki rétt. Lára útvegar verðlaunagrip og heiðranir fyrir þingið.

ÍSÍ hefur sent á aðildarfélög og leitað eftir tilnefningum til gullmerkis ÍSÍ. Heiðursmerkjanefnd KRAFT mun skoða málið.

Borist hefur tillaga fyrir þingið um breyting á skipulagi á hollum kk og kvk. Breytingin felur ekki í sér lagabreytingu (sem þarf að taka á kraftlyftingaþingi) en breytingu á reglugerð sem stjórn KRAFT tekur fyrir. Tillagan verður rædd á kraftlyftingaþinginu en ný stjórn KRAFT mun taka við keflinu.

Á þinginu verður lögð fram tillaga að lagabreytingu sem tekur fyrir orðalag. Gry sendir skjal á laganevnd KRAFT til yfirferðar.

Einnig verður rætt á þinginu um framtíð bikarmóts í búnaðarkraftlyftingum en mikil fækkun keppenda hefur verið í þeim.

Skýrsla stjórnar er í vinnslu hjá formanni.

Ársreikningur er í vinnslu.

### 6. TÍMAPLÖN

Umræða var um tímaplön keppna. Lagt til að drög að tímaplani komi áður en lokaskráningarfræstur er. Oft getur keppendafjöldi breyst á milli forskráningar og lokaskráningar en drög gefa keppendum færi á að skipuleggja betur fyrirfram þátttöku sína. Stjórn KRAFT samþykkti að á kraftlyftingaþingi verði ítrekað að greiðsla við lokafrest á skráningu er svo sannarlega lokafrestur, ekki hægt að borga eftir hann og þ.a.l. ekki hægt að taka þátt í keppni ef greiðsla hefur ekki borist.

## **7. BYRJENDAMÓT OG DÓMARAPRÓF**

Mótið verður haldið 11. febrúar í Mosfellsbæ hjá Hjalta Úrsus. Lokafrestur á greiðslu er á miðnætti og þá kemur í ljós lokafjöldi keppenda en ljóst er að þetta er metfjöldi. Fimm munu þreyta dómaraþrófið. Aron Ingi og Laufey aðstoða Helga Hauks við framkvæmd á dómaraþrófinu.

## **8. ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ - FRAMHALD**

Þjálfaranámskeiðið er í gangi og næsti hluti verður 18.-19. mars. Spurt um þjálfaranámskeið 2. ÍSÍ býður upp á almenna hlutann 2. Gry mun kanna málið og stjórn KRAFT mun ákveða hvort boðið verður upp á kraftlyftingaþjálfaranámskeið 2.

## **9. RIG**

Rætt var um RIG, hvað fór vel og hvað mætti betur fara. Gry punktaði niður en hún mun mæta á fund ÍBR.

## **10. REGLUGERÐ UM STYRKI**

Yfirferð á reglugerð um kostnað og greiðslu landsliðsferða. Stjórn KRAFT samþykkti að styrki um flug vegna unglingslandsliðs á A-mót verði 70 þús. og á B-mót 40 þús. Á bekkpressumót unglingslandsliðs á A-mót verði 70 þús. og á B-mót 40 þús.

4. grein um dagpeninga þarf að laga, eftirfarandi lagt til : Dagpeningar eru greiddir fyrir þá daga sem viðkomandi starfsmaður er í vinnu við verkefni skv. samningi við KRAFT.

Í 5. grein sem fjallar um lyfjamisnotkun skal setja fram „, rökstuddur grunur um lyfjamisnotkun“.

KRAFT styrkir landslið öldunga /masters með keppnisgjöldum, lyfjaprófum, landsliðsbúningi, miða á lokahóf og aðgengi að heilbrigðisteymi KRAFT.

## **11. ÖNNUR MÁL**

Á næstunni þarf að ákveða skipulag á næstu ferðum (aðalþjálfarar, aðstoðarmenn og dómaraþrófi). Gry mun senda tölvupóst á landsliðsnefnd og dómaraþrófi og biðja um að koma með tillögu að skipulagi.

## **12. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR**

Formaður sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

## **13. FUNDARLOK**

Fundi slitið kl. 21.05.